

Fundur F.O.K.S 13.1 2009

Mættir: Eva, Anna Fía, Grímur, Helga, Sigga, Dagbjört og Sigrún.

Rætt á fundinum:

- 10. bekkur ætlar að rukka inn FOKS gjöldin. Sigga er búin að ræða við þau.
- Stjórnin á eftir að skrifa greiðsluseðlana/kvittanablokkirnar.
- Koma því til Helgu fyrir sunnudaginn 18. Janúar.
- Rætt um skólaföt, hvað er til af fötum og panta þarf í janúar ný föt.
- Ákveða þarf dag til pöntunar og mátunar.
- ATH með að láta leikskólana vita skólafötin, þ.e. elstu börnin, foreldrar þeirra geta þá pantað.
- Miðvikudagurinn 21. janúar ákveðinn mátunar og pöntunardagur fyrir skólaföt kl 18-20.
- Helga formaður vill losna úr formannsstöðu
- Rætt um hvort eigi að halda eina vorhátíð með hverfisnefndinni. Hverfisnefndin kom með þá hugmynd.

Fundur FOKS 1.apríl 2009

Mættir: Eva, Helga, Sigga, Grímur og Sigrún.

Fyrsta mál á dagskrá: vorhátíð

Hverfisnefnd var búin að óska eftir að halda vorhátíð með Síðuskóla en er hætt við það. Ákveðið að halda hausthátíð í stað vorhátíðar þann 5. September. Þurfum að útbúa miða fyrir kennara til að láta foreldra fá eða segja þeim frá hátíðinni. Setja auglýsingu í dagskránnu (þarf að koma í vikunni áður). Hugmynd um að sleppa kaffihlaðborði og hafa vöflukaffi sem foreldrafélagið myndi kaupa hráefni í.

Sú hugmynd kom upp að hækka félagsgjöld FOKS úr 2000 kr í 3000 kr en þá tvískipt. Þetta þarf að bera upp á aðalfundi. Ástæðan er sú að litlir peningar eru til og ekki hægt að styrkja mikið í skólanum sem er ekki got mál.

Aðalfundur ákveðinn 10. Sept. 2009.

Næsti fundur ákveðinn 20. Apríl kl 18. Allir að leggja höfuðið í bleyti varðandi upptökur á hausthátíð.

Fundur FOKS 20. Apríl 2009

Mættir: Eva, Helga, Sigrún og Sigga.

- Það þarf að setja tilkynningu inn á heimasíðu skólans um að engin vorhátíð verði. Í staðinn verður hausthátíð þann 5. September.
- Skólinn verður 25 ára í haust þannig að hugsanlega væri sniðugt að hafa eina stóra hátíð: hausthátíð og 25 ára afmæli skólans.
- Hugmynd um að afhenda verðandi 1. Bekkingum boli í foreldraviðtölum að hausti. Kennarar sjái um það. Einnig hugmynd um að senda krökkunum bolina fyrir sumarið.

Haustrhátíð + afmæli, hugmyndir:

- Skrúðganga
- Hoppukastali (ath kostnað)
- Stór terta???
- Tombóla
- Grilla pylsur

Fundur ákveðinn með Óla 5.mái kl 18.

Fundur FOKS 5.mái 2009

Mættir: Ólafur skólastjóri, Anna Fía, Grímur, Helga, Sigrún, Eva, Sigga og Dagbjört.

- Ákveðið að kveðja kennarana (10. Bekkur) Þriðjudaginn 2.júní
- Verðum að ákveða fund með bekkjarfulltrúum fyrir hausthátíðina.
- Ákveðinn fundur með bekkjarfulltrúum, 19. Maí kl 20.15

Fundur FOKS 2.júní 2009

Mættir: Eva, Sigrún, Helga, Grímur, Anna Fía, Dagbjört og Sigga.

10. bekkingar kvöddu kennara sína í dag og gékk mjög vel. Allir mjög ánægðir.

Of mikið af brauði pantað og of lítið af spægipylsu, skinku og osti. Þarf að athuga betur fyrir næsta ár, jafnvel að láta Huldu panta fyrir okkur.

Panta þarf 40 boli fyrir 1.bekkinga í haust.

Senda þarf póst á bekkjarfulltrúa í sambandi við hausthátíð.